

**46. fundur Svæðisráðs Suðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs
haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
6. apríl 2016, kl. 12:30.**

Mættir: Björn Ingi Jónsson, Sigurlaug Gissurardóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Snævarr Guðmundsson, Þórhildur Ásta Magnúsdóttir, Guðrún Inga Bjarnadóttir, einnig þjóðgarðsstarfsmaður, Helga Árnadóttir, sérfræðingur á Höfn, sem ritaði fundargerð. Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður, var forfölluð.

Dagskrá:

1. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð
2. Atvinnustefna
3. Rannsóknir á landsslagi og víðernum þorvarður Árnason (frestað)
4. Stjórnunar- og verndaráætlun
5. Samningar við landeigenda (frestað)
6. Starfssemin 2016 (frestað)
7. Ferðaþjónusta inn við Þröng
8. Önnur mál

1. Lög um Vatnajökulsþjóðgarð

Björn Ingi kynnti þær tillögur að breytingum á lögum þjóðgarðsins sem gerðar voru á stjórnarfundi 4. mars 2016. Fundarmenn fóru yfir þessar breytingar.

Umræða um gjaldtöku við leyfisveitingar og samninga. Umræða um vöntun á ramma við úthlutun á takmörkuðum gæðum. Umræða um skort á ákvæðum til tekjuöflunar til að standa að uppbyggingu svæða með núverandi eða fyrirhugaða atvinnustarfsemi.

2. Atvinnustefna

Umræða um þá hugmynd sem kom fram á fundinum um tilkynningaskyldu á alla sem sem sækja garðinn heima. Með því myndi vera hægt að ná fram ákveðnum tölulegum upplýsingum um starfsemi innan garðsins sem nýtist t.d. við gerð atvinnustefnu.

Svæðisráð felur formanni og þjóðgarðsverði að gera drög að rekstraráætlun og nauðsynlega uppbyggingu fyrir eftirlit og umsjón á einni vertíð á Breiðármerkusandi.

4. Stjórnunar- og verndaráætlun

Formaður óskar eftir að svæðisráð skoði vandlega stjórnunar- og verndaráætlunar, með áherslu á suðursvæðið, fyrir næsta fund.

7. Ferðaþjónusta inn við Þröng

Svæðisráð tekur til umræðu beiðni GlacierAdventure: „Ósk um áframhaldandi notkun báta og leyfi til að lagfæra aðgengi að bátum inn við Þröng“. Beiðnin var í fjórum liðum. Svæðisráð setur sig ekki á mótí fyrstu tveimur liðum, þ.e. því að tveir slöngubátar verði geymdir við Veðrárlón í sumar, sem og að sett verði upp flotbryggja á þeim stað sem sýnd var á mynd sem fylgdi beiðni. Flotbryggju skal fjarlægja þann hluta ársins sem hún nýtist ekki og þess skal gætt að hún falli eins vel að landslagi og hægt er. Varðandi þriðja lið, þá hefur svæðisráðið ekki heimild til að leyfa gerð nýrra vegslóða innan þjóðgarðs. Varðandi lagfæringar á núverandi vegslóða, skv. fjórða lið, þá þurfa þær framkvæmdir að skoðast í samstarfi við þjóðgarðsvörð.

8. Önnur mál

Lögð fram tillaga að yfirmaður gestastofu í Gömlubúð, Höfn sitji fundi svæðisráðs. Tillaga samþykkt. Næsti fundur settur 3. fimmtudag í maí.

Fundi slitið 15.40